

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²</u>					
<ul style="list-style-type: none"> Endurskoða þarf skólanámskrá í samræmi við viðmið aðalnámskrár og gera hana opinbera með birtingu á heimasíðu. 	<p>Skólanámskrá verður endurskoðuð af skólastjóra og kennurum á fundum og síðan tekin fyrir á skólaráðsfundi í nóvember 2019. Unnið með gæðgreina um skólanámskrá haustið 2019, haust 2021</p>	<p>Í október 2019</p>	<p>Árlegt enudrmat. Yffirferð þessa árs lauk vor 2020 og er komið á heimasíðu skólans. Verður síðan endurskoðuð í haust 2020 og metin með gæðgreini.</p> <p>Endurskoðun fór fram, skólaráð hefur þó ekki komið saman vegna Covid en stefnt á fund eftir páska og annan fyrir skólalok.</p> <p>Skólanámskrá er á heimasíðu skólans og stöðugt í endurskoðun. Skólaráð hafði eingöngu samskipti gegnum tölvu en verður vonandi hægt</p>	<p>Skólastjóri</p>	<p>Í árslok 2019, haust 2021 með gæðgreinum. Gæðgreina vinna fór ekki fram eins og til stóð- verður framkvæmd haust 2020. Markviss vinna með námskrána og stefna skólans mótuð á skýran hátt haustið 2020.</p> <p>Við stefnum á að vera á áætlum með gæðgreinavinnu vorið 2021.</p>

¹ Skólar gætu einnig viljað leggja áherslu á að þróa og viðhalda styrkleikum.

² Bætið við línum eftir þörfum.

			að funda strax í haust.		
<ul style="list-style-type: none"> • Skrá þarf hvernig unnið er með stefnu skólans í námskrám og áætlunum. 	<p>Í skólanámskrá sem síðast var uppfærð 2017 kemur þetta fram en verður endurskoðað og betrubætt eftir þörfum þegar námskrárvinna okkar hefst í október.</p> <p>Skólanámskrá hefur nú verið uppfærð vorið 2020 og virðist fara saman við það sem verið er að vinna eftir. Stefna skólans er að leggja áherslu á að rækta hæfileika einstaklingsins og einbeitir sér að því að gera nemendur jafnt góða sem fróða. Þetta er gert með því að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta og mæta hverjum einstaklingi þar sem</p>	<p>Í október 2019</p>	<p>Árleg endurskoðun</p> <p>Varðandi leiðsagnarnámið var ákveðið að hefja það markvisst í samstarfi allra skóla á norðanverðum Vestfjörðum haustið 2021.</p> <p>Annað er á áætlun.</p> <p>Leiðsagnarnám er að hefjast haustið 2021 í öllum skólunum á norðanverðum Vestfjörðum. Starfsmenn G.Ö. hafa þegar hafið undirbúning með sumarlestri.</p>	<p>Skólastjóri-kennarar</p>	<p>Í árslok 2019 og haust 2021 með gæðagreinum.</p> <p>Metið með eftirfylgni skólastjóra á gerð kennsluáætlana vor 2020 og haust 2020.</p> <p>Stefna skólans verður endurmetin samhliða námskrárvinnu.</p>

	<p>hann er staddur og kemur það fram í kennsluáætlunun. Þó misjafnt hversu langt kennarar eru komnir í að þróa kennsluáæltkanir í þessa átt. Sýn núverandi starfsmanna er að hafa alla vinnu markmiðs miðaða, fara út fyrir bókina og kenna með sem fjölbreyttustum aðferðum. Stefnt er á námskeið í Leiðsagnarnámi í haust og síðan í þriggja ára þróunarvinnu.</p>				
<ul style="list-style-type: none"> • Móta þarf markvisst ferli um samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins hvað varðar stefnumótun og endurskoðun á skólanámskrá og starfsáætlun. 	<p>Starfsáætlun og skólanámskrá eru lagðar fyrir skólaráð sem skipað er kennurum, foreldrum, nemendum og fulltrúa grenndarsamfélags,</p>	<p>Starfsáætlun er skilað 15. september ár hvert. Námskrá fer í endurskoðun í október 2019.</p>	<p>Starfsáætlun árlega. Námskrá endurskoðuð eftir þörfum.</p> <p>Vegna Covid hafa ekki verið haldnir fundir í skólaráði enn sem komið er en</p>	<p>Skólastjóri</p>	<p>Gæðagreinir um samstarf var metinn haust 2018, þarf að finna tíma til að endurmeta.</p>

	sem í framhaldinu kemur að vinnunni. Hvort tveggja er lagt fyrir fræðslunefnd á ákveðnum tíma. Skólaráð er orðið virkt. Ekki tókst að koma saman á alla fundi þessa árs vegna veðurs og covid en gögn voru send á milli með tölvupósti til yfirferðar og samþykktar.		<p>áætlaðir tveir fyrir skólalok.</p> <p>Skólaráð fundaði ekki með hefðbundnum hætti á skólaárinu en fóru samskipti fram með tölvupósti vegna skólanámskrár, skóladagatala og annarra málefna sem vert þótti að ræða við skólaráð.</p>		
<ul style="list-style-type: none"> Vinna þarf með niðurstöður kannana og skimana á formlegan hátt. 	Lestrarstefna Ísafjarðarbæjar er ný endurskoðuð og verður unnið eftir henni. Unnið verður eftir þörfum hvers nemanda.	Hafið.	<p>Stöðugt.</p> <p>Til að tryggja að allir væru að meta eftir hæfniviðmiðum aðalnámskrár tókum við nokkra fimmtudagsfundi í upphafi skólaárs (faglega fimmtudaga) í að vinna í mentor kerfinu, tengja hæfniviðmið við lotur og verkefni.</p>	Skólastjóri og kennarar	Gæðagreinir Betri frammistaða, aukinn árangur metinn haust 2019 og vor 2022. Mat á þessum gæðagreini hefur farið fram og sýnir fleiri styrkleika en veikleika. Auðvelt að hafa yfirsýn yfir nemendahópinn. Við megum þó hafa okkur öll við að meta.

<ul style="list-style-type: none"> • Tryggja þarf kennurum ráðgjöf og leiðbeiningar til að nýta niðurstöður og gögn. 	<p>Til stóð að sérkennslufulltrúi skóla og tómstundasviðs hefði viðveru einu sinni í mánuði á leikskólanum en kæmi auk þess hluta úr degi í grunnskólann til ráðgjafar.</p> <p>Sviðsstjóri skóla og tómstundasviðs ætlaði einnig að hafa viðveru einu sinni í mánuði í grunnskólanum.</p> <p>Skiptin sem þetta gekk eftir urðu mjög fá. Óveður frá því í byrjun desember og covid í lok vetrar settu stórt strik í reikninginn.</p> <p>Kennarafundir einnig nýttir til að ræða niðurstöður og hvernig þær verða nýttar.</p>	Október 2019	Stöðugt	Skóalstjóri, sérkennslufulltrúi/ Sviðsstjóri	Gæðagreinir Betri frammistaða, aukinn árangur metinn haust 2019 og vor 2022. Gæðagreinir Einstaklingsmiðun haust 2020.
--	---	--------------	---------	--	--

<ul style="list-style-type: none"> Skrá þarf formlega starfsþróunaráætlun/símenntunaráætlun sem nær til allra starfsmanna skólans. 	<p>Áherslur fyrir skólaárið 2019-2020 eru í starfsáætlun. Símenntunaráætlun fyrir skóalna í Ísafjarðarbæ starfsárið 2020-2021 er í vinnslu.</p>	Ágúst 2019	Árleg endurskoðun.	Skólastjóri, sviðsstjóri skóla og tómsundasviðs	Gæðagreinar um forystu og stjórnun eru samtals 5, metnir vor 2020, haust 2020, vor2021, haust 2021, vor 2022.
<ul style="list-style-type: none"> Stuðla þarf að virkari þátttöku skólaráðs og foreldra í stefnumótun skólans og móta skilvirkt verklag um starfsemi skólaráðs. 	<p>Fyrsti fundur skólaráðs skólaárið 2019-2020 hefur verið haldinn og starfsáætlun skólaráðs mótuð. Þrjú aðrir fundir ákveðnir, í nóvember, mars og maí. Ekki tókst að halda alla fundina á skólaárinu vegna óveðurs og covid. Tölvupóstar voru sendir á milli til að yfirfara námskrá og skóladagatal.</p>	Hófst í september 2019	Maí 2020. Stöðugt endurmat. Óveður og covid settur strik í reikninginn en skólaráðið er orðið virkt og verður byrjað á fullum krafti með fundi í haust 2020. Sama staðan ennþá, stefnum á fund eftir páska og annan fyrir skólalok.	Skólastjóri	Á fyrsta fundi haust 2020.
<ul style="list-style-type: none"> Efla þarf skilvirkt upplýsingastreymi og kynningu á skólastarfinu. 	<p>Kennarar nota mentor og setja allar upplýsingar um heimanám og</p>	Hafið	Stöðugt mat	Skólastjóri/kennarar	Stöðug virkni-Metið með foreldrakönnun og starfsmannakönnun.

	<p>vikuáætlun þar inn. Póstur er sendur heim vikulega af umsjónarkennara og sagt frá því helsta sem var gert í vikunni og því sem er framundan. Fréttir og tilkynningar settar á heimasíðu og síðan deilt á facebooksíðu foreldrafélags. Viðburðir eru auglýstir í samfélaginu. Virkni komin í gang.</p>		<p>Á ennþá við, virkni komin í lag.</p> <p>Fréttir á heimasíðu skólans. Upplýsingar á heimasíðu og facebook hóp foreldra.</p> <p>Myndaalbúm á google, foreldrar frá link til að skoða.</p>		
<ul style="list-style-type: none"> • Efla samvinnu á milli leik- og grunnskóla í daglegu starfi. 	<p>Elsti árgangur leikskóla kemur þrjá daga vikunnar í tvær kennslustundir í grunnskólanum. Sameiginlegir dagar, jólaball, vorferð sem jafnframt er útskriftarferð skólahóps frá leikskóla,</p>	<p>Ágúst 2019</p>	<p>Júní 2020- allt gekk upp þetta árið. Passað upp á að allt sé inni næsta ár og metið hvort á að bæta enn í.</p> <p>Allt ennþá í gangi, ekki hefur verið bætt í og þá helst vegna takmarkana af covid.</p>	<p>Skólastjóri, kennari, deildarstjóri leikskóla.</p>	<p>Verkefnið með elstu börnin er tilraunaverkefni m.a. til að efla málþroska barnanna og vinna með læsi. Árangur metinn vorið 2020. Foreldrakönnun á leikskóla sýnir ánægju með þetta starf. Haldið verður áfram næsta skólaár með sama hætti.</p>

	sólskinsganga með grilli, sýningar í boði foreldrafélags, jólaföndur.		Tekin hefur verið ákvörðun um endurskoðun á því fyrirkomulagi að einn skólastjóri sé yfir bæði leik og grunnskóla. Ráðinn hefur verið leikskólastjóri næsta skólaár. Þessi breyting á vonandi eftir að hafa jákvæð áhrif á faglegt starf í báðum skólum og samstarf skólanna.		
<ul style="list-style-type: none"> Móta og skrá verklag um hvernig gögn um árangur og líðan nemenda eru nýtt í skipulagi kennslu til að efla árangur nemenda. 	Nýendurskoðuð lestrarstefna Ísafjarðarbæjar verður notuð til hliðsjónar við mótun á verklagi.	Október 2019.	<p>Árlegt endurmat. Átlun um mat er tilbúin til ársins 2023.</p> <p>Gæðagreinir 3.1. Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar. Þennan þátt máttum við einnig á síðasta skólaári og kom hann þá mjög sterkur út í heildina. Það sama á við ennþá og má nefna sem styrkleika að starfsfólk þekkir</p>	Skólastjóri / kennarar	Gæðagreinir Haust 2019 Betri frammistaða aukinn árangur. Vor 2020, 2021, 2022 og 2023 gæðagreinir velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar. Búið að meta árangur með gæðagreini Betri frammistaða aukinn árangur sem sýnir m.a. styrkleika í að horfa til hvers nemanda. Velferð jafnrétti og skóli án

			hlutverk sitt, tekur mið af lögum og reglum, tryggir öryggi og velferð nemenda. Skólinn hefur skapað árangursríkt námsumhverfi. Engir sérstakir veikleikar koma fram í mati á þessum gæðagreiðni.		aðgreiningar- niðurstöður gæðagreiðna sýna mikla styrkleika. Verklag hefur verið unnið af skólastjóra og verður farið yfir það með kennurum í haust.
<ul style="list-style-type: none"> Vinna áfram að innleiðingu Gæðagreiðna og sjá til þess að allir hagsmunaaðilar komi að þeirri vinnu. 	Búið er að gera áætlun sem unnið verður eftir þetta skólaár og þau næstu. Huga þarf vel að aðkomu annarra en stjórnanda og kennara. Skólaráð kemur að þessari vinnu.	September 2019.	<p>Árleg endurskoðun. 5 ára áætlun sem búið er að vinna eftir í tvö ár.</p> <p>Erum áfram að vinna með gæðagreiðna en þeir eru frekar flóknir í framkvæmd. Enn hafa nemendur ekki haft beina aðkomu að gæðagreiðnum en stefnan að finna leið til að bæta úr því.</p>	Skólastjóri	Lokafundur skólaráðs í maí 2020. Gæðagreiðni umbótamiðað sjálfsmat vor 2021. Gæðagreiðnar eru notaðir markvisst af starfsfólki skólans og hefur tekist að ná að að halda áætlun með því að vinna upp að vori það sem óunnið var eftir erfiðan vetur. Það sem enn er óunnið er að virkja nemendur með í að vinna með viðeigandi gæðagreiðna og eins skólasamfélagið.

<ul style="list-style-type: none"> • Uppfæra heimasíðu skólans og sjá til þess að helstu upplýsingar um skólastarfið séu þar aðgengilegar og nýjar. 	<p>Komið vel af stað og vinna í fullum gangi. Stefnt að því að nýjasta útgáfa af öllu verði komin inn fyrir áramótin 2019-20. Flestallt komið á sinn stað og upplýsingakerfi virkt.</p>	<p>Ágúst 2019</p>	<p>Áramót 2019- 2020 Stöðugt</p> <p>Er komið í lag en má þó huga að því að gera útlit síðunnar skemmtilegra og flýtihnappa skilvirkari.</p>	<p>Skólastjóri/ kennarar</p>	<p>Stöðugt</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Tryggja að nemendur fái vikulegan kennslutíma samkvæmt lögum og reglugerðum. 	<p>Þetta er uppfyllt. Kennslustundum var fjölgað hjá unglingunum, þau sækja fjórar kennslustundir á Ísafjörð í viku en fá 33 stundir heima. Einn dagur var lengdur hjá yngstu nemendunum þar sem vantaði eina kennslustund. Komst í lag vorið 2020 og verður þannig áfram.</p>	<p>Ágúst 2019</p>	<p>Ágúst 2019</p>	<p>Skólastjóri</p>	<p>Á hverju hausti við stundatöflugerð.</p>
<ul style="list-style-type: none"> • Þjálfa nemendur í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. 	<p>Unglingar eru allir í stjórn nemendafélags og funda vikulega með skólastjóra. Unnið</p>	<p>Ágúst 2019</p>	<p>Stöðugt í gangi. Þarf að breyta fundartíma nemendaráðs og hafa sjaldnar en lengri</p>	<p>Kennarar, skólastjóri</p>	<p>Við námsmat . Hæfniviðmið nýtt. Lykilhæfni.</p>

	með þetta í lífsleikni og öðrum kennslustundum		<p>fundi þar sem margir féllu niður þetta skólaárið.</p> <p>Nemendaráð fundar ekki reglulega með skólastjóra þetta skólaárið en nemendur eiga greiðan aðgang að honum þegar þeir óska.</p> <p>Nemendur fóru á eitt nemendaping í grunnskólanum á Suðureyri á skólaárinu. Þjálfun fer einnig fram í kennslustundum.</p>		
<ul style="list-style-type: none"> Stjórnandi þarf að vinna markvisst að því að efla starfsmannahópinn með því fylgjast með námi og kennslu og veita þeim reglulega endurgjöf á störf sín. 	<p>Við höfum þegar farið af stað með nokkurskonar teymisvinnu þar sem tveir og tveir kennarar vinna saman að verkefni. Skólastjóri þarf að setja sér niður ákveðna tíma til að sinna endurgjöf til</p>	Október 2019	<p>Stöðugt endurmat.</p> <p>Starfsmannahópurinn vinnur vel saman, einn nýr kennari er í hópnum og hefur hann stuðning frá öðrum reyndari. Stjórnandi hefur góða yfirsýn yfir störf</p>	Skólastjóri	<p>Í starfsmannasamtölum í febrúar. Á starfsmannafundum.</p>

	kennara svo það gleymist ekki. Mikil umræða á sér stað meðal kennara og stjórnanda um nám og kennslu almennt.		starfsmanna og veitir endurgjöf eftir þörfum. Gæðagreindir 1.3. Breytingastjórnun, tekið fyrir 8. júní 2021. Helstu styrkleikar sem við greinum í þessum þætti er hversu vel allt starfsfólk gerir sér grein fyrir styrkleikum skólans og hvar sóknarfæri liggja og hversu vel við sköpum skilyrði til að læra saman og af hvert öðru.		
<ul style="list-style-type: none"> • Veita þarf markvissan stuðning og ráðgjöf til að tryggja stöðugleika í starfsmannahaldi. 	Sviðsstjóri skóla og tómtundasviðs hefur viðveru í skólanum einn dag í mánuði. (Heimsóknir urðu mun færri en til stóð m.a. vegna óveðurs og covid). Aðgengi að skólastjóra er auðvelt, bæði að frumkvæði kennara	Ágúst 2019	Starfsmannasamtöl eru almennt í febrúar en hafa frestast þetta árið. Þau verða fyrir páskafrí og þá verður staðan tekin og bætt í eftir þörfum. Viðvera eða reglulegar heimsóknir sviðsstjóra hafa ekki átt sér stað þetta skólaárið.	Skólastjóri, skólaskrifstofa.	Í starfsmannasamtölum í febrúar.

	og einnig lítur hann inn í kennslustofur og fylgist með námi og gefur endurgjöf. Starfsmenn ræða nám og kennslu í teymum og allir saman. Starfsmannasamtöl fara fram í febrúar.		Starfsmannasamtöl fóru fram í vor.		
<ul style="list-style-type: none"> Skrá verkaskiptingu starfsmanna og fela þeim ábyrgð og umboð til að leiða verkefni. 	Sumir hafa þegar fengið ákveðin hlutverk, þetta þarf samt að skoða betur með styrkleika starfsmanna í huga.	Ágúst 2019	Árleg endurskoðun.	Skólastjóri/ kennarar	Staðan tekin strax. Rætt betur í starfsmannasamtölum í febrúar.
<ul style="list-style-type: none"> Skóla- og tómstundasvið sveitarfélagsins þarf að veita nýjum stjórnanda og kennurum markvissa leiðsögn, ráðgjöf og stuðning við mótun skólustarfsins. 	Sviðsstjóri og sérkennslustjóri hafa viðveru í leik- og grunnskólanum einn dag í mánuði þar sem starfsmenn geta haft aðgang að þeim. (Þetta stóð til en varð ekki af m.a. vegna ófærðar og covid). Stjórnandi mætir á fundi mánaðarlega með öðrum	Hafið í ágúst 2018, viðbætur með reglulegum heimsóknum í ágúst 2019.	Áhrifa gætir enn af covid og vinna því ekki eins markviss og ætla mætti.	Skóla og tómstundasvið, skólastjóri, mannauðsstjóri Ísafjarðarbæjar.	Í starfsmannaviðtölum vorið 2020.

	skólastjórnendum og einnig mánaðarlega með öllum forstöðumönnum Ísafjarðarbæjar. (fundir færðust yfir í zoom á covid tíma).				
•					
•					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið II – Nám og kennsla</u>					
<ul style="list-style-type: none"> Ljúka endurskoðun skólanámskrár, almennum hluta og birta á heimasíðu. 	Skólanámskrá verður endurskoðuð af skólastjóra og kennurum á fundum og síðan tekin fyrir á skólaráðsfundi í nóvember. Unnið með gæðagreina um skólanámskrá haustið 2019, haust 2021	Í október 2019	Um áramót 2019-2020. Hafðist á vordögum 2020. Árleg endurskoðun.	Skólastjóri	Í árslok 2019, haust 2021 með gæðgreinum.
<ul style="list-style-type: none"> Móta stefnu skólans um fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsmat. 	Fjölbreyttir kennsluhættir eru viðhafðir í mörgum fögum. Endurskoðun skólanámskrár hefur verið lokið vorðið 2020 og kemur þar stefna skólans fram.	Í október 2019.	Vorið 2020. Árlegt endurmat.	Skólastjóri/ kennarar	Haust 2021. Gæðagreinir Skólanámskrá.
<ul style="list-style-type: none"> Útbúa námsvísa þar sem birtist heildaráætlun um nám nemenda og lýst er hvernig einstakir þættir námsgreina raðast á námsár í samkenzlunni. 	Kennsluáætlanir eru í vinnslu í öllum fögum. Upplýsingum verður safnað saman og gert þriggja til fjögurra ára plan eftir því sem við á og endurskoðað þegar einni umferð er lokið í kennslu eftir planinu.	Hafið	Vorið 2021. Kennsluáætlanir eru á góðri leið, nú erum við að fara af stað með þriðja árið í haust2020 og hugum þá að námsvísunum.	Skólastjóri /kennarar	Haust 2021. Gæðagreinir Skólanámskrá.
<ul style="list-style-type: none"> Útbúa námsáætlanir í öllum námsgreinum þar sem koma fram upplýsingar um námsmat og hæfniviðmið sem stefnt er að. 	Vel gengur að vinna kennsluáætlanir.	Hafið	Vor 2020, kennsluáætlanir ársins 2019-2020 voru endurskoðaðar á starfsdögum og drög lögð af	Skólastjóri kennarar	Haust 2021. Gæðagreinir Skólanámskrá.

			<p>áætlunum næsta árs.</p> <p>Kennsluáætlanir voru unnar haustið 2020 og eru flestar í lagi. Verða endurskoðaðar vorið 21.</p> <p>Markvisst er unnið að kennsluáætlunum og þær birtar á heimasíðu. Einnig gerðar lotur í mentor og verkefni tengd við.</p>		
<ul style="list-style-type: none"> Fram komi í námsáætlunum hvernig unnið er að námsaðlögun og framkvæmd stuðnings. 	Kennsluáætlanir eru í vinnslu í öllum fögum. Hugað verður að þessu atriði sérstaklega.	Hafið	Vor 2020	Skólastjóri /kennarar	Haust 2020 gæðagreinir einstaklingsmiðun.
<ul style="list-style-type: none"> Skrá hvernig unnið er að lykilhæfni og grunnþáttum menntunar. 	Grunnþættir menntunar og hvernig unnið er með þá er í skólanámskrá sem verður endurskoðuð í haust af starfsmönnum og skólaráði. Nemendur unglíngastígs unnu að lokaverkefni síðustu tvær kennsluvikur þessa skólaárs sem miðað var út frá grunnþáttum menntunar og lykilhæfni.	Október 2019	<p>Áramót 2019/2020</p> <p>Árleg endurskoðun.</p> <p>Þemavinna í sambandi við kaffihúsakvöld í nóvember var</p>	Skólastjóri /kennarar	Haust 2021. Gæðagreinir Skólanámskrá.

			metin útfrá lykilhæfni. Árshátíðarvinna verður einnig metin þannig. Fleiri tækifæri eru nýtt við matið og mat á lykilhæfni tekið inn í almennt nám.		
<ul style="list-style-type: none"> Vinna markvisst með niðurstöður násmats og samræmdra könnunarprófa með það að markmiði að auka árangur nemenda. 	Unnið samkvæmt lestrarstefnu Ísafjarðarbæjar.	Hafið	Höfum rýnt í niðurstöður samræmdra prófa eins og við fáum þær í hendurnar en þar sem prófin sjálf berast ekki til baka er margt annað námsmat hentugra til að vinna þetta útfrá.	Skólastjóri/ kennarar	Gæðagreindir Betri frammistaða aukinn árangur. Haust 2019, vor 2022.
<ul style="list-style-type: none"> Veita foreldrum reglulega upplýsingar um námsárangur barns síns 	Merkt er við metanleg hæfniviðmið reglulega í mentor. Hópfundur var með foreldrum á yngsta stigi í upphafi skólaárs og einstaklingsfundir með unglingum og foreldrum. Þar var minnt á hvernig kerfið er notað. Hópfundur var með foreldrum og	Hafið	Stöðug endurskoðun Einstaklingsviðtöl og hæfnikort sem bætt er inni reglulega.	Skólastjóri/ kennarar	Gæðagreinar Þátttaka fjölskyldna í skólastarfi haust 2019, Gæðagreindir samstarf var unninn haust 2018 en þarf

	unglingastiginu í endaðan september. Einstaklingsviðtöl með foreldrum eru einnig í nóvember og febrúar.				að endurskoða vor 2020.
<ul style="list-style-type: none"> Morgunverðarstund sé ekki tekin af kennslutíma nemenda. 	Tíminn sem fer í morgunverðarstund er nýttur til samveru nemenda þar sem lykilhæfni er þjálfuð og metin. Kennari les auk þess fyrir nemendur í þessari stund sem þar með nýtist til hins ýtrasta.	Ágúst 2019	Árleg endurskoðun.	Skólastjóri kennarar	
<ul style="list-style-type: none"> Auka vægi umræðna og skoðanaskipta í námi nemenda 	Athugasemdir nemenda frá skólapúlsi eru nýttar til umræðna um hvort við erum að gera nógu vel. Erum að vinna í þessu og gera betur. Nemendur fá þjálfun í lífsleiknitímum og öðrum fögum. Vikulegir fundir nemendaráðs með skólastjóra einnig nýttir í þetta.	Hafið	Nemendur eru fáir og raddir þeirra hafa vægi.	Skólastjóri/ kennarar	Skólapúls nemendakönnun gerð tvisvar á ári.
<ul style="list-style-type: none"> Gæta þess að listgreinar, þ.e. tónmennt, sjónlistir og sviðslistir og verkgreinar, þ.e. hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði hafi jafnt vægi innan heildartíma þessara greina. 	Unglingar fara fjórar kennslustundir í viku á Ísafjörð í val. Þrjár kennslustundir eru kenndar af umsjónarkennara og skólastjóra. Umsjónarkennari kennir yngri nemendum það sem við höfum ekki fagkennara í. Danskennari er starfandi við skólann og kennir öllum nemendum. Tónlistarkennari var einnig fenginn til starfa í haust. Leikskilstarkennari er búinn að halda eitt stutt spunanámskeið í haust. Fólki úr grenndarsamfélaginu er fengið til að hjálpa til við verkgreinar eftir styrkleikum.	Hafið	Stöðug endurskoðun	Skólastjóri/ kennarar	

<ul style="list-style-type: none"> Auka vægi valgreina á unglingsstigi þannig að þær séu um fimmtungur námstímans. Sjá svar hér að ofan. 					
<ul style="list-style-type: none"> Taka tillit til gagnrýni nemenda á nám og vinnubrögð 	<p>Reglulegir fundir nemendaráðs með skólastjóra. Farið yfir hvernig á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Tveir nemendur sitja í skólaráði.</p>	<p>September.</p>	<p>Erum farin að vinna með sjálfsmat í ákveðnum fögum og stefnum á að allir vinni með það samhliða öðru mati. Það sjálfsmat sem við notum er samhliða mati kennara á hæfniviðmiðum í mentor, þarf bara að kveikja á og gefa nemendum tíma til að meta og leiðbeina þeim um að nýta það. Hefjum markvissa vinnu með leiðsagnarnám haustið 2021.</p>	<p>Stöðugt mat</p>	<p>Skólapúls nemendakönnun – tekin tvisvar á ári.</p>
<ul style="list-style-type: none"> Þjálfa nemendur í að meta eigið nám, vinnu og námsframvindu. 	<p>Nemendur eru virkjaðir í að fylgjast með mati á hæfniviðmiðum í mentor. Þeir vinna einnig sjálfsmat. Í upphafi skólaárs settu nemendur sér markmið</p>	<p>Hafið</p>	<p>Sama athugasemd og hér að ofan.</p>	<p>Kennarar, skólastjóri.</p>	<p>Skólapúlsinn nemendakönnun. Gæðagreininir</p>

	sem unnið verður með í gegnum skólaárið. Endurgjöf í lok kennslustunda þar sem þau fá tækifæri til að meta eigin frammistöðu.		Hefjum markvissa vinnu með leiðsagnarnám haustið 2021.		
•					

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Innra mat					
<ul style="list-style-type: none"> Skipa þarf teymi um innra mat með fulltrúum allra aðila skólasamfélagsins 	Vinna við gæðagreina er komin af stað meðal starfsmanna og 5 ára áætlun tilbúin. Aðkomu annarra úr skólasamfélaginu verður bætt við.	Hafið	Stöðugt mat Enn sú staða að starfsmenn koma aðallega að þessu mati. Nemendur koma að því með svörun í skólapúlsi.	Skólastjóri	Gæðagreinir samvinna. Er ekki á áætluninni þar sem búið var að vinna með hann en valdar spurningar endurskoðaðar til að greina þetta. Vor 2021.
<ul style="list-style-type: none"> Fjalla um leiðir sem skólinn fer til að meta innra starf í skólanámskrá. 	Í skólanámskrá sem er frá 2017 koma fram nokkrar leiðir. Við endurskoðun skólanámskrár haustið 2019 verður þetta endurskoðað miðað við nýja fimm ára áætlun sem unnið er eftir.	Október 2019	Desember 2019	Skólastjóri/ starfsmenn/ skólaráð	Skólanámskrá endurskoðuð fyrir áramót 2019-20.
<ul style="list-style-type: none"> Innra mat þarf að verða samofið daglegu skólastarfi. 	Það fer mikil umræða um nám og kennslu fram meðal starfsmanna daglega. Starfsmenn eru ekki alltaf sammála um leiðir sem gerir umræðuna virkari og gagnrýnni.	Hafið	Eigum eftir að spýta í lófana með gæðagreinana til að vera á áætlun vorið 2021. Skólastjóri leggur gæðagreini fyrir tímanlega til að hann og aðrir	Skólastjóri/ kennarar	Gæðagreinir unnir eftir áætlun. Umræður á starfsmannafundum. Gæðagreinir umbótamiðað sjálfsmat vor 2021.

			starfsmenn geti rýnt í og bætt starfshætti. Erum á áætlun með gæðagreinna.		
• Hafa áætlun um innra mat opinbera.	Fimm ára áætlun um innra mat er komin í starfsáætlun sem birt er á heimasíðu.		Lokið	Skólstjóri	Starfsáætlun er endurskoðuð árlega. Áætlun er til 5 ára.
• Gera þarf mat á kennslu og fagmennsku kennara að föstum lið í innra mati.	Gæðagreinar um námsskilyrði eru metnir reglulega. Mikil umræða á sér stað í skólanum á gagnrýninn og uppbyggjandi hátt. Mynduð hafa verið teymi þó hópurinn sé fámennur.	Hafið	Stöðugt mat		Gæðagreinar námsskilyrði, haust 2019, haust 2020, haust 2021,
• Afla gagna um skólastarf með fjölbreyttari aðferðum en könnunum hjá aðilum skólasamfélagsins.	Gæðagreinar eru notaðir við mat starfsmanna og fleiri úr skólasamfélaginu. Sjálfsmat nemenda og starfsfólks, skólapúls og aðrar kannanir á líðan, nemendaping (SVÓT greining), samræmd próf og annað námsmat, viðhorfskönnun foreldra, starfspróunarsamtöl.	Hafið	Stöðugt mat Það sem hér vantar helst uppá er aðkoma fleiri aðila úr skólasamfélaginu en þar spilar covid og takmarkanir inn í.	Skólastjóri/ kennarar	Gæðagreinar; námsskilyrði, velgengni og árangur, forysta og stjórnun. Niðurstöður kannana greindar.
• Vinna umbótaáætlun út frá mati með Gæðagreinum og tilgreina hvernig og hvenær á að meta árangur umbótaágerða.	Búið er að setja saman áætlun um hvernig á að vinna með gæðagreinana. Næsta skref er framkvæmdin og síðan að vinna úr niðurstöðum þeirra og gera	Hafið	Árleg endurskoðun	Skólastjóri	Gæðagreinir umbótamiðað sjálfsmat vor 2021.

	umbótaáætlun. Sjálfsmatsskýrsla fyrir skólaárið 2019- 2020 er í vinnslu.				
•					
•					
•					
•					
•					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið IV – ef við á					
•					
•					
•					
•					
•					
•					
•					
•					
•					
•					
•					
•					
•					